

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Fampyra®

ATC flokkur: N07XX07 – fampridine

Dagsetning: 1. nóvember 2018

Áður en sótt er um greiðsluþátttöku fyrir Fampyra® skal framkvæma gönguprófin Timed 25 Foot Walk (T25FW) og 12-item Multiple Sclerosis Walking Scale (MSWS-12).

Greiðsluþátttaka er samþykkt til reynslu í tvær vikur til fullorðinna einstaklinga sem eru:

- með kastaform (relapse remitting MS), frumkomna versnun (primary progressive) eða síðkomna versnun (secondary progressive) af MS sjúkdómi
- með stöðug einkenni og án nýlegra lyfjabreytinga
- ekki í MS kasti
- með skerta göngugetu
- með EDSS gildi á bilinu 4-7

Í lok 2ja vikna meðferðar með Fampyra® skal framkvæma gönguprófin aftur til að meta hugsanlegan ávinning.

Greiðsluþátttaka er samþykkt til 12 mánaða til einstaklinga með:

- 20% bætingu í gönguhraða í T25FW prófinu og
- að minnsta kosti 4 stig í MSWS-12 prófinu.

Tekið verður tillit til þess ef einstaklingur fær umtalsverðan ávinning á aðra þætti en göngufærni sem bæta lífsgæði hans en þó verður annað hvort skilyrðið hér að ofan að vera uppfyllt.

Við endurnýjun: Greiðsluþátttaka er samþykkt að nýju ef einstaklingurinn hefur viðhaldið jákvæðri svörun úr T25FW og MSWS-12 prófunum.

Ef gönguhæfni reynist hafa minnkað skal endurmeta ávinninginn af Fampyra®. Slíkt endurmat skal fela í sér að hætta notkun Fampyra í um 2 vikur og framkvæma gönguprófið að nýju.

Hvernig er sótt um greiðsluþátttöku?

Læknir sendir umsókn um lyfjaskírteini til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ).

SÍ sendir lækni tilkynningu með tölvupósti þegar SÍ hefur afgreitt umsóknina.

Ef SÍ samþykkir greiðsluþátttöku, þá er það til 2ja vikna meðferðar í upphafi.

Gildistíminn á lyfjaskírteininu verður 6 vikur í byrjun, þannig að rúmur tími gefst fyrir 2ja vikna meðferð og göngupróf.

- 6 vikur - fyrsta umsókn
- 12 mánuðir - ef einstaklingur uppfyllir skilyrði fyrir áframhaldandi meðferð.
- 2 ár - endurnýjun

Eingöngu taugalæknar geta sótt um lyfjaskírteini fyrir Fampyra®.